Heil og sæl, Bryndís.

Ég sendi þér örfáar línur, til að skýra mitt sjónarmið varðandi breytingar á fjörum og sjávarbökkum, fyrir minni jörð, Saurbæ á Kjalarnesi.

1. Umtalsvert tjón er þegar orðið, fyrir framan kirkjugarðinn í Saurbæ, þar sem gert var stórátak til að hefta sjávargang, í maí 1979. Hlaðinn var öflugur grjótgarður eftir fjörunni, og á örfáum árum greri allt upp landmegin við hann. Komu þar margir að; Vegagerðin, Landgræðslan og prófastsdæmið, sem veitti fjármuni, auk ýmissa annarra framlaga og sjálfboðavinnu.

Nú eru komin djúp og rofin skörð í þennan garð, og vetrarbrimin ganga óbrotin upp á gras. Náttúruleg vörn af fjörumöl, sem hlífði garðinum, hefur sogast út í djúpið, og innan skamms má búast við að þarna verði sama ástand eins og var fyrir 1979.
Mynd nr. 1. sýnir endann á garðinum fjærst, í nokkurn veginn heilu lagi, síðan aðeins stöku steina og eina rofterfu, sem eftir er.

2. Landbrot og túnskemmdir hafa orðið með allri strandlengjunni. Mynd 2 sýnir ljósleiðarakabal sem grafinn var í jörð fyrir nokkrum árum. Sennilega eftir 1995. Mynd 3 er tekin rétt hægra megin við kabalinn. Fyrir ofan þetta rofabarð er tún, sem fer nú hraðminnkandi. Fyrir nokkrum árum var þetta grasi gróið að mestu leyti, og var auðvelt að ganga þar um.

Númer myndanna skrifuð aftan á þær.

3. Síðan er að geta þess, að ókemju eyðing og breyting hefur orðið á lífríki fjörunnar, sem áður var afskaplega fjölskrúðugt, að dómi kunnugra. Margar tegundir af kuðungum og skeljum þrifust þarna í skerjum og lónum, og skiftu litaafbrigðin tugum, sem auðvelt er að sýna fram á, því í mörg ár safnaði ég saman sýnishornum af þessum tegundum og litum, mér til gamans. Þetta virðist nú með öllu horfið, og er ekki ólíklegt að klak þessara dýra hafi eyðilagst, vegna umhverfisröskunar. Þetta má kannske telja lítilvægt, en eitthvað vill nú ánægjan hafa, og þegar þessir smávinir eru hættir að gleðja augað, þá finnst mér ég hafa orðið fyrir umtalsverðu tjóni. Það metur svo hver sem vill.

Ef þú villt einhverjar frekari upplýsingar, sem ég gæti hugsanlega veitt, skal það fúslega gert.

Saurbæ á Kjalarnesi 22 sept. 2007.

Anna Margrét Sigurðardóttir.
080734-2209.